



Atlantsolía ehf  
Lónsbraut 2  
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 11. desember 2020  
UST202011-135/H.R.A.  
08.12.02

### Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 16. nóvember sl. þar sem stofnunin áformaði að áminna rekstraraðila vegna frávikanna er fram komu í eftirliti stofnunarinnar í olúbirgðastöð Atlantsolíu ehf., Hafnarfirði þann 20. ágúst sl.. Þann 24. nóvember sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

#### Frávikin eru eftirfarandi:

- Gr. 2.5 í starfsleyfi.** Í síðasta eftirliti var sett fram ábending um að áhættumat og viðbragðsáætlun þyrfti að uppfæra m.t.t. breytts fyrirkomulags við dreifingu olíu úr stöðinni skv. gr. 2.5 í starfsleyfi. Ekki var búið að uppfæra áhættumat og viðbragðsáætlun er eftirlit fór fram. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila er þegar búið að leggja drög að nýju áhættumati og viðbragðsáætlun. Gert er ráð fyrir því í áætlun rekstraraðila að áhættumatsfundur með núverandi dreifingaraðila farið fram í byrjun desember og uppfært áhættumat og viðbragðsáætlun verði frágengið í kjölfar þess. Staðfesting þess verði send stofnuninni eigi síðar en 15. desember 2020.**
- Gr. 4.1 í starfsleyfi.** Skráningum skv. gr. 4.1 er ábótavant. Uppfæra þarf rekstrarhandbók og færa reglulega inn skráningar um viðhald, eftirlit og bilanir. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila lauk uppfærslu á texta rekstrarhandbókar í október en verið er að ganga frá teikningum og öðrum fylgiskjölum. Til stendur að halda kynningarfund með hlutaðeigandi starfsfólki þegar uppfærslu áhættumats og viðbragðsáætlunar lyki þ.e. eftir 15. desember 2020. Rekstraraðili áætla að allar skráningar í rekstrarhandbók verði komnar í betra form í febrúar 2021**
- Gr. 15 í reglugerð nr. 884/2017.** Skv. gr. 15 í reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, skulu olíuskiljur vera búnar viðvörunarbúnaði. Viðvörunarbúnaður í skiljunum er ekki til staðar en rekstraraðili setur hann upp við fyrsta tækifæri. Eftirlitsaðili óskar eftir staðfestingu á uppsetningu búnaðar að framkvæmd lokinni. **Staðfesting barst eftirlitsaðila með tölvupósti þann 24. sept. sl. og frávikin telst því lokið**

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. Gjaldið er **36.960 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Helga Rut Arnarsdóttir  
sérfræðingur

Helga Rut Arnarsdóttir  
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogs